

Álit

frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um þær breytingar sem lagðar eru til á heimildum skattrannsóknarstjóra í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (þskj. 380 - 313. mál), þ.e. ákvæði 10., 16., 20. og 28. gr. frumvarpsins og ákvæði um gildistöku og hvenær ákvæðin komi til framkvæmda í 4. mgr. 58. gr. frumvarpsins.

Með framangreindum greinum frumvarpsins eru lagðar til samhljóða breytingar á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum um virðisaukaskatt. Breytingarnar fela í sér heimild fyrir skattrannsóknarstjóra, í þágu rannsóknar máls, til að leita úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum en hann hefur nú þegar þessar sömu heimildir án undangengins úrskurðar héraðsdóms, þ.e. í starfsstöðvum og birgðageymslum framtalsskyldra aðila.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í framkvæmd hefur lögregla leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum eftir að skattrannsóknarstjóri hefur kært málið til lögreglu. Forræði rannsóknarinnar og aðgerðarinnar sjálfrar hefur því þótt óljóst af hálfu þess sem hún beinist gegn auk þess sem fyrirkomulagið hefur leitt til lengri málsmeðferðartíma en ella.

Nefndin fór yfir athugasemdir umsagnaradila sem eru jákvæðar og leitaði einnig eftir álitum réttarfarsnefndar, þ.e. Benedikts Bogasonar, sem telur heimildina eðlilega enda einungis verið að breyta því hver getur, í þágu rannsóknar máls, leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum, sbr. ákvæði laganna. Með breytingunni sem lögð er til í frumvarpinu er því í engu verið að víkja frá kröfum um réttaröryggi enda gilda ákvæði laga um meðferð sakamála um rannsóknaraðgerðirnar að öðru leyti.

Samkvæmt 58. gr. frumvarpsins er lagt til að 10., 16., 20. og 28. gr. öðlist þegar gildi og að ákvæðin taki jafnt til þeirra mála sem rannsókn er þegar hafin í og þeirra sem verða tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Nefndin leitaði einnig eftir afstöðu réttarfarsnefndar til þessa þáttar málsins. Var afstaðan jákvæð enda eingöngu verið að tryggja skilvirkari rannsókn mála og einfaldari málsmeðferð bæði fyrir rannsóknaraðila og þá sem rannsókn beinist gegn.

Nefndin telur að réttaröryggi þeirra sem rannsókn beinist gegn sé tryggt með þessum breytingum og leggur því til að þær verði samþykktar.

Alþingi, 16. des. 2010.

Róbert Marshall, form.

Atli Gíslason.

Mörður Árnason.

Birgir Ármannsson.

Valgerður Bjarnadóttir.

Vigdís Hauksdóttir.
Álfheiður Ingadóttir.
Þráinn Bertelsson.